

**Eldhús**

|           | Dagvakt<br>Virka daga<br>Stöðugildi | Dagvakt<br>Helgar<br>Stöðugildi | Samtals<br>Stöðugildi |
|-----------|-------------------------------------|---------------------------------|-----------------------|
| Matsveinn | 1,00                                | 0,40                            | 1,40                  |

**Húsvarsla**

|             | Kvöldvakt<br>Kl.17-22<br>Alla daga<br>Stöðugildi | Næturvakt<br>Kl.22-8<br>Alla daga<br>Stöðugildi | Samtals<br>Stöðugildi |
|-------------|--------------------------------------------------|-------------------------------------------------|-----------------------|
| Næturverðir | 0,88                                             | 1,75                                            | 2,63                  |

Skýring: 1 stöðugildi er starfsmaður í fullu starfi (40 tímar)

*Hafnarfirði, 30. janúar 1995.*

*Hrafnista D.A.S.*

**Rafn Sigurðsson** framkvæmdastjóri.

**AUGLÝSING**

**um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann  
skv. 2 mgr. 19. gr. laga nr 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.**

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann kt. 671077-0169 og neðangreind stéttarfélög hafa gert með sér samninga um að með kjarasamninga skuli farið eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr 94/1986:

*Læknafélag Íslands.*

*Félag ísl. hjúkrunarfræðinga.*

*Sjúkraliðafélag Íslands.*

*Starfsmannafélag ríkisstofnana.*

*Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi.*

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannna þágu skv. lögum, og eru á fjárlögum.

Í 19 gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3.-4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. segir að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónusu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3.-4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. 1. 94/1986 sé birtur opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá starfsmenn Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann sem skv. þessu er óheimilt að gera verkfall:

**Sjúkrahúsið Vogur.**

Á Sjúkrahúsinu Vogu eru rúm fyrir 60 áfengis og vímuefnasjúklinga. Þeir verða ekki útskrifaðir heim tafarlaust. Nauðsynlegt er að taka til innlagnar bráðveika áfengis og vímuefnaneytendur.

**Læknar:**

Gert er ráð fyrir 2,5 stöðugildum í verkfalli. Læknar þessir gegna einnig störfum við Meðferðarheimilin Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum.

**Hjúkrunarforstjóri:**

Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi hjúkrunarforstjóra.

**Hjúkrunarfræðingar:**

Gert er ráð fyrir 4,2 stöðugildum við vinnu í verkfalli. Stöður þessar raðist þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt, 1 staða næturvakt.

**Sjúkraliðar:**

Gert er ráð fyrir 2,8 stöðugildum við vinnu í verkfalli. Stöður þessar raðist þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt.

**Ráðgjafar:**

Gert er ráð fyrir 6 stöðugildum ráðgjafa við vinnu í verkfalli.

**Sálfræðingur:**

Gert er ráð fyrir 0,5 stöðugildi sálfræðings við vinnu í verkfalli.

**Læknaritarar og símaverðir:**

Gert er ráð fyrir 2 stöðugildum við ritun og símavörslu, við vinnu í verkfalli.

**Næturverðir:**

Gert er ráð fyrir 2 stöðugildum næturvarða, við vinnu í verkfalli.

**Eldhús:**

Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi yfirmatreiðslumanns, við vinnu í verkfalli.

**Meðferðarheimilið Vík Kjalarnesi.**

Þar eru rúm fyrir um 30 sjúklinga í meðferð eftir afeitrun á Sjúkrahúsinu Vogu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þaðan verði útskrifaðir tafarlaust allir sjúklingar. Nauðsynlegt er að veikir einstaklingar er fengið hafa afeitrun á Vogu fái eftirmeðferð.

Gert er ráð fyrir að vinni í verkfalli: 1 stöðugildi rekstrarstjóri, 1 stöðugildi yfirmatreiðslumaður, 2 stöðugildi ráðgjafar. Alls 4 stöðugildi.

**Meðferðarheimilið Staðarfelli í Dölum.**

Þar eru um 30 sjúklingar í meðferð eftir afeitrun á Sjúkrahúsinu Vogu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þaðan verði útskrifaðir tafarlaust allir sjúklingar. Nauðsynlegt er að veikir einstaklingar er fengið hafa afeitrun á Vogu fái eftirmeðferð.

Gert er ráð fyrir í vinnu í verkfalli: 1 stöðugildi rekstrarstjóri, 2 stöðugildi ráðgjafar, 2 stöðugildi matargerðarmenn. Alls 5 stöðugildi.

### **Skrifstofa SÁÁ, Ármúla 20.**

Þar er skrifstofa Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann. Þar fer fram hið venjubundna skrifstofuhald.

Í verkfalli er gert ráð fyrir að starfi framkvæmdastjóri og launafulltrúi, í alls 2 stöðugildum.

*Reykjavík, 25. janúar 1995.*

F. h. Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann,  
**Ágúst Jónatansson.**

## **REGLUGERÐ**

**um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði  
til fólks- og vöruflutninga.**

1. gr.

**Gildissvið og skilgreiningar.**

1. Reglugerð þessi gildir um :
  - a) Fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.
  - b) Vörulyftur.
  - c) Rennistiga, færibönd og sambærilegan búnað til fólksflutninga.
  - d) Hjólastólalyftur.
  - e) Annan þann varanlega fastan búnað sem gerður er til að lyfta og slaka fólki eða vöru og er í stýringum.
2. Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru lyftur með minna en 10 kg burðargetu og gólfhlöt minni en 0,05 m<sup>2</sup>.
3. Í reglugerð þessari merkir „lyfta“ allar þær lyftur og þann lyftubúnað sem getið er um í 1. tölulið.
4. Í reglugerð þessari eru lyftum skipt í flokka sem hér segir:
  - a) Fólkslyftur, fólks- og vörulyftur og vörulyftur. Varanlega festar rafknúnar, vökvaknúnar eða raf- og vökvaknúnar lyftur sem fara upp í tiltekna hæð, með lyftustól sem ætlaður er til flutnings á fólki, fólki og vörum eða vörum og hangir í strengjum eða keðjum eða lyftur sem bornar eru uppi af kólfi og ganga að minnsta kosti að hluta til eftir sporum sem eru lóðrétt eða víkja í mesta lagi 15° frá lóðréttu.